

Fimmtudaginn 5. nóvember 1998.

Nr. 46/1998.

**Kærunefnd jafnréttismála vegna
Guðbjargar Önnu Þorvarðardóttur**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Jafnrétti. Stöðuveiting. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 20. janúar 1998. Krefst hann þess, að dæmt verði, að skipun Gunnars Gauta Gunnarssonar dýralæknis í stöðu héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi 24. mars 1994 hafi verið ólögmæt á grundvelli 2. tl. 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og að stefndi verði dæmdur til að greiða Guðbjörgu Önnu Þorvarðardóttur 7.616.313 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. júní 1997 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli þá niður.

I.

Málavextir og málsástæður aðila eru raktar í héraðsdómi. Embætti héraðsdýralæknis Mýrasýsluumdæmis var auglýst laust til umsóknar í október 1993 og aftur í janúar 1994, þar sem sá, sem skipaður hafði verið í embættið, sagði því lausu, áður en hann hóf störf. Í bréfi landbúnaðarráðherra til kærunefndar jafnréttismála 5. maí 1994 kemur fram, að þessi umsækjandi hafi talið bændur í héraðinu vera sér andsnúna og að hann myndi ekki fá eðlilegan starfsfrið, en velflestir þeirra hafi ritað undir áskorun til stuðnings skipun Gunnars Gauta Gunnarssonar, sem starfað hafði innan umdæmisins um

árábil. Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir, sem þá var héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi vestra, hafði sótt um í október 1993 og verið raðað næstefst á lista hæfnisnefndar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1981 um dýralækna. Hún sótti um að nýju í janúar 1994 og var raðað í efsta sæti ásamt öðrum manni, sem dró umsókn sína til baka. Nokkrar undirskriftir til viðbótar höfðu borist til stuðnings Gunnari Gauta, en honum hafði hæfnisnefndin raðað í fjórða sæti eins og áður. Svo sem nánar er greint í héraðsdómi, ákvað ráðherra við síðari skipunina að taka tillit til áskorana bænda á svæðinu og lagði til, að Gunnar Gauti yrði skipaður í embættið, sem forseti Íslands gerði með skipunarbréfi 24. mars 1994. Héraðsdómari féllst á þau rök stefnda, að kynferði Gunnars Gauta hefði ekki verið aflvaki þess, að honum var veitt embættið, taldi skipunina ekki hafa farið í bága við jafnréttislög eða tilgang þeirra og sýknaði stefnda af kröfum áfrýjanda.

II.

Ágreiningslaust er, að ráðherra var ekki bundinn af áliti hæfnisnefndar, er hann veitti umrædda stöðu héraðsdýralæknis. Valdi hans voru þó þau mörk sniðin, sem leiddi af lögum nr. 28/1991 og almennum grundvallarreglum í stjórnsýslurétti um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að ráðherra hafi ekki farið að lögum við mat á hæfni umsækjenda og því brotið rétt á Guðbjörgu Önnu, sem verið hafi hæfust þeirra. Brigður eru þó ekki á það bornar, að Gunnar Gauti hafi verið hæfur til að hljóta skipun í embættið. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að bæði hafi þau verið hæf til starfsins, þótt menntun og starfsreynsla Guðbjargar Önnu sýnist eftir almennum mælikvarða hafa skipað henni skör framar Gunnari Gauta.

Í 8. gr. laga nr. 28/1991 segir, að hafi umsækjandi um auglýst starf verið kona, en það verið veitt karlmanni, skuli kærunefnd jafnréttismála, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti nefndinni skriflegar upplýsingar um það, hvaða menntun, starfsreynsla og aðra sérstaka hæfileika umfram konuna sá hafi til að bera, sem ráðinn var. Sama rétt hefur karlmaður, ef konu er veitt starfið. Áður nefnt svar landbúnaðarráðherra til kær-

nefndar jafnréttismála verður að skoða í þessu ljósi. Af því verður ekki ráðin sú skoðun veitingarvaldsins, að Gunnar Gauti hafi haft menntun og starfsreynslu umfram Guðbjörgu Önnu. Þau rök eru færð fram fyrir skipun hans, að afstaða íbúanna hafi verið á þann veg, að þessi ákvörðun hafi verið nauðsynleg til þess að skapa starfsfrið í umdæminu. Verða þau ein og sér ekki talin haldbær við veitingu embættisins, hvorki í merkingu jafnréttislaga né stjórn-sýsluréttar. Er þá jafnframt til þess að líta, að snar þáttur í starfi héraðsdýralækna er samkvæmt lögum nr. 77/1981 að fara með heilbrigðiseftirlit og annars konar opinbert eftirlitsvald gagnvart búfjáreigendum, sem þá kunna að hafa hagsmuna að gæta af því, hvernig þetta eftirlit er rækt.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1991 er tilgangur þeirra sá að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Með ákvæðum II. kafla laganna er leitast við að stemma stigu við mismunun á vinnumarkaði. Erfitt er oft og tíðum að sanna, að um hana hafi verið að ræða. Lögin yrðu að þessu leyti þýðingarlítill, nema meginreglur kaflans væru skýrðar svo við núverandi aðstæður, að konu skuli veita starf, ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað, sem máli skiptir, og karlmaður, sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur. Ber að leggja þá skýringu hér til grundvallar, eins og Hæstiréttur hefur þegar gert í dómum sínum, sbr. H. 1993, 2230, og H. 1996, 3760.

Í málinu er fram komið, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafi konur gegnt þremur héraðsdýralæknisembættum af þeim 26, sem voru á landinu öllu. Það er því ljóst, að á starfssviðinu voru fáar konur. Átti það að vera Guðbjörgu Önnu í hag, þótt hún gegndi þá þegar embætti héraðsdýralæknis og hefði gert það um árábil.

Með hliðsjón af framansögðu verður krafa áfrýjanda um viðurkenningardóm tekin til greina.

III.

Áfrýjandi hefur gert bótakröfu vegna Guðbjargar Önnu, bæði um fjártjón og miska. Er kröfum þessum lýst í héraðsdómi. Krafa hennar vegna fjártjóns hefur verið lækkuð fyrir Hæstarétti, þar sem eingöngu sé reiknað tímabil til ársloka 1998, en þá taki gildi ný lög um dýralækna. Guðbjörg Anna hefur verið sett héraðsdýralæknir í

Hvolsumdæmi frá vorinu 1996 til þess tíma. Af samanburðartölum þeim, sem lagðar hafa verið fram í málinu, er örðugt að meta fjárfjón Guðbjargar Önnu, en líkur eru til þess, að hún hafi beðið nokkurt tjón, vegna þess að fram hjá henni var gengið. Fallast ber á með stefnda, að liðurinn garna veikibólusetning verði ekki lagður til grundvallar, þar sem þar sé ekki um að ræða verk, sem héraðsdýralæknum sé einum ætlað. Með hliðsjón að öðru leyti af muninum á launum hennar og héraðsdýralækni í Mýrasýsluumdæmi, reiknuðum og áætluðum, tímabilið frá 1. apríl 1994 til 31. desember 1998, þykja bætur til hennar hæfilega metnar 1.200.000 krónur, er greiðist með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Ekki verður talið, að Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir hafi orðið fyrir miska vegna þeirrar stjórnvaldsákvörðunar, sem mál þetta fjallar um. Er þá meðal annars lítið til þess, að hún sótti um og fékk setningu í stöðu héraðsdýralækni í Hvolsumdæmi, eins og áður segir.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Skipun Gunnars Gauta Gunnarssonar dýralækni í stöðu héraðsdýralækni í Mýrasýsluumdæmi 24. mars 1994 braut gegn lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði Guðbjörgu Önnu Þorvarðardóttur 1.200.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. júní 1997 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda, kærunefnd jafnréttismála, 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. nóvember 1997.

Málsaðilar eru stefnandi, kærunefnd jafnréttismála, kt. 660691-2009, Pósthússtræti 13, Reykjavík, vegna Guðbjargar Önnu Þorvarðardóttur, kt. 300351-3529, Hlíðarvegi 15, Hvolsvelli, og stefndu, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem eftirleiðis verður vísað til sem stefnda.

Málið var höfðað með stefnu, dags. 20. júní sl., sem árituð er af Einari

Karli Hallvarðssyni hdl. um birtingu f. h. stefnda 23. júní sl. Það var þingfest hér fyrir dómi 26. júní sl.

Málið var dómtekið 17. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Dómkröfur.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að dæmt verði, að skipun Gunnars Gauta Gunnarssonar dýralæknis í stöðu héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi 24. mars 1994 hafi verið ólög-mæt.

2. Að stefndi verði in solidum dæmdur til að greiða Guðbjörgu Önnu Þorvarðardóttur, kt. 300351-3529, Hlíðarvegi 15, Hvolsvelli, 10.357.448 kr. með 0,5% ársvöxtum af 2.000.000 kr. frá 24. mars 1994 til 1. júní 1995, með 0,6% ársvöxtum til 1. mars 1996, með 0,9% ársvöxtum til 1. maí 1996, með 0,8% ársvöxtum til 1. júní 1996, með 0,7% ársvöxtum til 1. nóvember 1996, með 0,8% ársvöxtum til 1. febrúar 1997, með 0,9% ársvöxtum til 1. júní 1997, með 1,0% ársvöxtum til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 10.357.448 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 26. júní 1998.

3. Að stefndi verði in solidum dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts að mati dómsins eða skv. málskostnaðarreikningi, er lagður verður fram í síðasta lagi við aðalmeðferð málsins.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins, en til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavextir eru í aðalatriðum sem hér segir:

Embætti héraðsdýralæknis Mýrasýsluumdæmis var auglýst laust til umsóknar í október 1993. Ellefu dýralæknar sóttu um stöðuna, þar á meðal Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir, héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi vestra. Hæfnisnefnd um stöður héraðsdýralækna mat hæfi umsækjenda og raðaði þeim samkvæmt því (sbr. 5. gr. laga nr. 77/1981) og skilaði ráðherra niðurstöðu sinni 23. nóvember s. á. Var Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir í Snæfellsnesumdæmi, metinn hæfastur umsækjenda, en Guðbjörg Anna kom næst á eftir. Gunnar Gauti Gunnarsson dýralæknir var metinn fjórði í röðinni, en heimamenn í Mýrasýsluumdæmi söfnuðu undirskriftum til stuðnings skipun Gunnars Gauta í embætti héraðsdýralæknis. Í október og nóvember 1993 bárust landbúnaðarráðherra undirskriftalistar með nöfnum

hátt á annað hundrað bænda og búenda í umdæminu, og var þar skorað á ráðherra að veita Gunnari Gauta embættið. Engu að síður var Rúnar Gíslason skipaður í embættið í desember 1993 frá og með 1. janúar 1994, en hann sagði stöðunni lausri 30. desember 1993, áður en hann hóf störf, þar sem skipun hans var í óþökk heimamanna. Auglýsti landbúnaðarráðuneytið því stöðuna lausa til umsóknar að nýju með auglýsingu, dags. 3. janúar 1994. Enn sóttu ellefu dýralæknar um starfið. Raðaði hæfnisnefnd Guðbjörgu Önnu í fyrsta sæti ásamt Einari Otta Guðmundssyni, en Gunnar Gauti lenti í fjórða sæti. Einar Otti dró umsókn sína til baka, og var Gunnar Gauti skipaður í stöðuna 24. mars 1994 frá og með 1. apríl s. á. að telja.

26. mars 1994 kærði Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir stöðuveitinguna til kærunefndar jafnréttismála, stefnanda þessa máls, sem ályktaði um erindi kæranda 17. nóvember 1994. Varð niðurstaða stefnanda á þá leið, að landbúnaðarráðherra hefði með skipun Gunnars Gauta Gunnarssonar í stöðu héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi brotið gegn 2. tl. 6. gr. jafnréttislaga nr. 28/1991. Kvað kærunefndin það vera meginreglu að ráða þann umsækjanda, sem hæfastur væri. Væru tveir eða fleiri taldir jafnhæfir, skyldi ráða umsækjanda af því kyni, sem væri í minni hluta í starfsgreininni, enda yrði tilgangi jafnréttislaga ekki náð á annan hátt, sbr. 1. gr. laganna og dóm Hæstaréttar, upp kveðinn 2. desember 1993. Af því tilefni benti kærunefnd á þá staðreynd, að konur hefðu gegnt þremur héraðsdýralæknisembættum af þeim 26, sem væru á landinu öllu, og hefði ráðherra því verið skylt að færa skýr rök fyrir þeirri ákvörðun sinni að ganga fram hjá mati hæfnisnefndar.

Í bréfi sínu til kærunefndar, dags. 5. maí 1994, gerir ráðherra nefndinni grein fyrir ástæðum stöðuveitingarinnar. Í niðurlagi bréfsins segir svo: „Þrátt fyrir það var Rúnari Gíslasyni, héraðsdýralækni í Stykkishólmi, veitt staðan, en hann hafði langflest stig skv. mati hæfnisnefndar. Skömmu eftir þá veitingu dró hann sig til baka, þar sem hann taldi, að bændur í héraðinu væru sér andsnúnir og hann myndi ekki fá eðlilegan starfsfrið í umdæminu. Staðan var auglýst á ný, og ítrekuðu bændur þá óskir sínar og skýrðu ráðherra frá því, að þeir væru reiðubúnir til að endurtaka undirskriftir sínar, ef á þyrfti að halda, sem sýnir sterkan vilja þeirra til að fá að njóta þjónustu Gunnars Gauta, og var bersýnilegt, að þeir létu ekki segja sér fyrir verkum. Þegar veita skyldi stöðuna, var talið, að farsælasta lausn málsins væri að fara að vilja heimamanna og skipa Gunnar Gauta í embættið. Sú ákvörðun að taka tillit til vilja meginþorra bænda á svæðinu var að mati ráðuneytisins best til þess fallin að skapa nauðsynlegan starfsfrið dýralæknis í umdæminu.“

Kærunefnd taldi haldlítil þau rök landbúnaðarráðherra, að nauðsynlegt hefði verið að veita Gunnari Gauta starfið til þess að skapa starfsfrið í umdæminu. Sú röksemd víki hvorki til hliðar þeirri meginreglu að ráða hæfasta umsækjandann né því markmiði jafnréttisлага að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Guðbjörg Anna hafi víðtækari menntun og starfsreynslu en Gunnar Gauti, enda hafi niðurstaða hæfnisnefndar verið á þann veg. Ekki hafi verið sýnt fram á sérstaka hæfileika Gunnars Gauta umfram hana.

Kærunefnd kynnti Halldóri Blöndal, þáverandi landbúnaðarráðherra, álit sitt með bréfi, dagsettu 17. nóvember 1994, og beindi þeim tilmælum til hans, að fundin yrði lausn á málinu, sem kærandi gæti sætt sig við. Með bréfi, dagsettu 10. desember 1994, óskaði Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir eftir því við stefnanda, að álitu kærnefndar yrði fylgt eftir með málshöfðun fyrir dómstólum gegn landbúnaðarráðherra, sbr. 21. gr. jafnréttisлага. Ritaði lögmaður stefnanda Guðmundi Bjarnasyni landbúnaðarráðherra bréf, dags 8. maí 1995, og óskaði eftir afstöðu ráðuneytis hans til niðurstöðu stefnanda frá 17. nóvember 1994. Í svarbréfi ráðherra, dags. 22. maí 1995, var lýst yfir, að ráðuneytið féllist ekki á niðurstöðu kærnefndar og teldi ekki grundvöll til bótageiðslna.

Halldóri Runólfssyni, þáverandi formanni hæfnisnefndar, var ritað bréf, dags. 8. maí 1995, og óskað eftir gögnum og upplýsingum um mat nefndarinnar á hæfi umsækjenda í umrædda stöðu héraðsdýralæknis Mýrasýslu-umdæmis í bæði skiptin. Þá var óskað eftir útreikningum nefndarinnar á punktafjölda umsækjendanna Gunnars Gauta Gunnarssonar og Guðbjargar Önnu Þorvarðardóttur og einnig um punktafjölda allra þeirra umsækjenda, er raðað hafði verið í fjögur efstu sætin í hvort sinn. Fyrirspurn þessari var svarað að hluta til í tveimur bréfum, dagsettum 11. desember 1995 og 5. janúar 1996. Þar kom fram, að Guðbjörg Anna hafði í matinu 23. nóvember 1993 fengið 76,9 punkta, en Gunnar Gauti 58,9, og í hinu síðara hafði Guðbjörg Anna fengið 90,7 punkta, en Gunnar Gauti 70,3 punkta.

Upplýsingar fengust ekki frá nefndinni um það, hvernig punktafjöldi umsækjendanna Guðbjargar Önnu Þorvarðardóttur og Gunnars Gauta Gunnarssonar var fenginn.

Stefnandi telur með vísan til framanritaðs nauðsynlegt að höfða mál til viðurkenningar á rétti Guðbjargar Önnu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að tilgangur laga nr. 28/1991 sé sá að koma á jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum, og sé sérstök áhersla lögð á það að bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt

1. mgr. 6. gr. þeirra sé atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildi það meðal annars um ráðningu, setningu og skipun í starf.

Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir hafi starfað sem héraðsdýralæknir í tíu ár, en sá umsækjandi, sem fékk stöðuna, hafi verið sjálfstætt starfandi og aðeins starfað sem héraðsdýralæknir í afleysingum í leyfum skipaðra héraðsdýralækna. Guðbjörg Anna hafi meistaraþáttu í framhaldsgrein dýralækninga og hafi starfað um átta mánaða skeið við eitt stærsta sláturhús á Nýja-Sjálandi. Hún hafi því augljóslega verið hæfari til að hljóta skipun í embætti héraðsdýralæknis Mýrasýsluumdæmis en Gunnar Gauti. Við mat á hæfni beri að leggja til grundvallar menntun umsækjenda, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika, sbr. 8. gr. jafnréttislaga og almennar meginreglur laga. Í áliti stefnanda, kærunefndar jafnréttismála, hafi þessir þættir verið bornir saman hjá umsækjendum og komist að þeirri rökstuddu niðurstöðu, að Guðbjörg Anna hafi verið hæfari vegna menntunar sinnar og starfsreynslu til að gegna starfinu og ekkert hafi komið fram um sérstaka hæfileika Gunnars Gauta umfram hana. Reglur um mat á hæfni umsækjenda um héraðsdýralæknastöður hafi verið settar með lögum nr. 54/1989 um breytingu á lögum nr. 77/1981 um dýralækna. Ráðherra hafi sett hæfnisnefnd starfsreglur 28. júlí 1989 með heimild í lögum nr. 54/1989, 3. gr., 2. mgr. in fine. Í reglunum segi, að umsækjendur um stöður dýralækna skuli hafa lokið prófi í dýralækningum, sem svari þeim kröfum, er íslensk lög geri ráð fyrir, og hafa tilskilin leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi. Reglurnar fari að öðru leyti eftir sérstakri punktagjöf, sem miðist í fyrsta lagi við starfsreynslu við almennar dýralækningar eða framhaldsmenntun, sem gefi mismikið eftir því, í hvaða umdæmi starfað hafi verið og hvort starfað hafi verið hér á landi eða erlendis, í öðru lagi sé litið til framhaldsnáms og endurmenntunar umsækjenda, í þriðja lagi skuli tekið tillit til ábyrgðar í starfi, í fjórða lagi litið til félagsstarfa af ýmsu tagi, og loks sé mat lagt á almenn störf umsækjenda, m. a., hvort umsækjandi hafi skarað fram úr, flýtt fyrir framþróun eða bætt starfsháttu á sínu sviði, einnig til kennslu- og fræðslustarfa, ritstarfa og þess háttar. Hvert þessara sviða gefi mismarga punkta. Mat hæfnisnefndar bindi ekki ráðherra, en ráðherra hafi ekki fyrr en við umrædda stöðuveitingu gengið fram hjá leiðbeinandi áliti hæfnisnefndar, eftir því sem best sé vitað. Því sé það álit stefnanda, að ráðherra verði að færa fyrir því ótvíræð og málefnaleg rök, gangi ákvörðun hans í berhöggi við tillögur hæfnisnefndar, sem byggðar séu á viðmiðunarreglum, settum á stjórnskipulegan hátt.

Í svarbréfi sínu 22. maí 1995 haldi landbúnaðarráðherra því fram, að ljóst

sé, að kyn umsækjenda hafi ekki ráðið vali þeirra, enda hafi tveir karlar verið framar Gunnari Gauta í röðinni auk Guðbjargar Önnu. Ástæðan fyrir ákvörðun sinni hafi stafað af mjög eindregnum áskorunum búfjáreigenda á svæðinu um að veita Gunnari Gauta starfið, enda hafi þeir þekkt vel til starfa hans. Stefnandi telur þessar ástæður ekki geta átt við þegar af þeirri ástæðu, að umræddar áskoranir hafi komið fram við fyrri stöðuveitinguna í desember 1993, en þá hafi ráðherra engu að síður veitt Rúnari Gíslasyni stöðuna, sem hafði hlotið einungis 1,5 punkti hærra í mati hæfnisnefndar en Guðbjörg Anna, sem raðað hafi verið í annað sæti. Hins vegar hafi munað 18 punktum á Guðbjörgu Önnu og Gunnari Gauta í fyrra mati hæfnisnefndar, en 20,4 punktum í hinu síðara. Í gögnum málsins komi fram, að hæfnisnefnd hafi ekki gert upp á milli Einars Otta Guðmundssonar og Guðbjargar Önnu, er hún sendi ráðherra álit sitt. Komið hafi síðar í ljós, að Einar Otti hafði 5,8 punktum hærra en Guðbjörg Anna, en eftir að hann dró umsókn sína til baka, hefði ekki komið annað til álita en skipa Guðbjörgu Önnu í stöðuna, því að skipun Gísla Sverris Halldórssonar, sem hæfnisnefnd raðaði í þriðja sæti, hefði einnig brotið gegn jafnréttislögum. Ekkert sé fram komið, er rýri gildi niðurstöðu hæfnisnefndar eða bendi til annars en farið hafi verið eftir settum starfsreglum og málefnalegra sjónarmiða gætt við matið.

Samkvæmt dýralækna­lögum nr. 77/1981 stundi héraðsdýralæknar almennar dýralækningar hver í sínu héraði og annist sölu lyfja handa dýrum, og sé þeim enn fremur skylt að sinna brýnum sjúkravítjunum. Héraðsdýralæknum beri að stöðva útbreiðslu smitsjúkdóma í sínu héraði, þeir annist heilbrigðiseftirlit með sláturfé og sláturafurðum svo og árlegt eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa á búum, þar sem framleidd sé mjólk til sölu. Þeir skuli með leiðbeiningum og á annan hátt leitast við að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum solumjólkur og halda skýrslur um þetta eftirlit og senda þær yfirdýralækni. Því sé ljóst, að héraðsdýralæknar hafi með höndum ýmiss konar opinbert eftirlitsvald. Bændur geti hins vegar kvatt hvaða sjálfstætt starfandi dýralækni, sem er, til að sinna læk­nisaðgerðum. Gunnar Gauti hafði verið sjálfstætt starfandi dýralæknir í Borgarfjarðarumdæmi um árabil, en leyst af héraðsdýralækninn í Mýrasýslu­umdæmi í leyfum hans og í sláturtíð á haustin. Þeir bændur í Mýrasýslu­umdæmi, sem beittu sér fyrir skipun hans í héraðsdýralæknisembætti þar, hafi því umfram allt haft reynslu af honum sem sjálfstætt starfandi sérfræðingi í dýralækningum, en ekki sem héraðsdýralækni með opinbert eftirlitsvald. Þeir hafi eftir sem áður getað leitað til hans um læk­nisverk, ef þeim sýndist svo. Því séu svör ráðherra lítt skiljanleg um það, hvers vegna gengið hafi verið fram hjá hæfasta umsækjandanum.

Samkvæmt þessu sé um mismunun að ræða, sem brjóti skýrlega í bága við lög nr. 28/1991, enda hafi engar lögmætar ástæður verið færðar fram, er réttlæti þá ákvörðun ráðherra að víkja frá áliti hæfnisnefndar. Þær viðbáru ráðherra séu haldlausar, að undirskriftalistar hafi opnað honum heimild til að víkja frá niðurstöðu hæfnisnefndar og þeirri meginreglu að velja hæfasta umsækjandann og um leið frá því markmiði jafnréttislaga að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Ráðherra hafi einnig brotið gegn reglum stjórn-sýsluréttar um jafnræði og um lögmæti og forsendur stjórnsýsluathafna. Hafi hann með háttsemi sinni bakað ríkissjóði bótaskyldu gagnvart Guðbjörgu Önnu Þorvarðardóttur.

Samkvæmt 22. gr. jafnréttislaga sé sá skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum, sem af ásettu ráði eða vanrækslu brjóti gegn jafnréttislög-um.

Skaðabótakrafa.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á því, að Guðbjörg Anna hafi orðið fyrir tjóni, sem nemi mismuni þeirra tekna, sem hún hafi notið í þeirri stöðu, er hún hafi gegnt, og þeim tekjum, sem hún myndi hafa aflað, hefði henni verið veitt staða héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi. Guðbjörg Anna hafi starfað sem héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi vestra, er Gunnari Gauta var veitt umrædd staða. Tekjur dýralækna byggist á launum úr ríkissjóði og tekjum, sem þeir hafi af eigin atvinnurekstri í tengslum við starfa sinn, m. a. af lyfsölu og heilbrigðiseftirliti og einnig af almennum læknisverkum skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1981, sbr. lög nr. 54/1989, og gjaldskrá, setti af landbúnaðarráðherra, nr. 204/1990 með síðari breytingum. Mjög litlar líkur séu á því, að Guðbjörg Anna eigi á starfsferli sínum eftir að fá embætti, þar sem tekjumöguleikar séu jafnmiklir og í Mýrasýsluumdæmi. Við útreikning á fjártjóni hennar hafi verið miðað við það, að hin ólögmæta skipun hafi seinkað því um a. m. k. sex ár, að hún kæmist í sambærilega aðstöðu til tekjuöflunar af eftirliti og heilbrigðisskoð-un, sem umrætt héraðslæknisembætti myndi hafa veitt.

Launatekjur Guðbjargar Önnu myndu ekki hafa breyst, en aðrar tekjur, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1981, hefðu orðið meiri í Mýrasýsluumdæmi en því, sem hún gegni. Eitt stærsta sláturhús landsins sé í Borgarnesi. Ekkert sláturhús sé í Þingeyjarumdæmi vestra, þar sem Guðbjörg Anna hafi starfað sem héraðsdýralæknir frá 1991, né heldur á Hvolsvelli, þar sem hún starfi nú tímabundið. Verulegur munur sé einnig á umfangi landbúnaðar í hvoru umdæmi fyrir sig. Neðangreindar tölur frá 1993 sýni umfang landbúnaðar í hvoru héraði um sig, eins og fram lögð gögn sýni.

Í Mýrasýsluumdæmi:

63 fjós 1.284 kýr,

20.004 sauðfjár,

3.170 hross, þar af 295 folöld.

Í Þingeyjarumdæmi vestra:

35 fjós 630 kýr,

9.288 sauðfjár,

192 hross, þar af 23 folöld.

Ekki hafa orðið umtalsverðar breytingar á umfangi landbúnaðar í umdæmunum síðan, eins og fram lögð gögn sýni.

Örðugt sé að sanna fjártjón, sem hlotist hafi af minni möguleikum Guðbjargar Önnu á tekjum af lyfsölu og almennum læknisverkum, er hún hefði sinnt sem héraðsdýralæknir í Mýrasýsluumdæmi, þar sem slíkt fari eftir aðstæðum; s. s. því, hvort sjálfstætt starfandi dýralæknar séu á staðnum eða í nágreppi og hvort samstarf sé við þá eða hvort leitað sé til héraðsdýralæknisins eða hins sjálfstætt starfandi um almenn læknisverk, hvort héraðsdýralæknir ráði sér sérstakan aðstoðarmann, hversu mikið viðkomandi héraðsdýralæknir komist yfir að sinna af almennum læknisverkum o. s. frv. Héraðsdýralækni sé þó skylt að sinna aðkallandi vitjunum skv. dýralæknalögum, og einnig sé honum skylt að lögum að sinna tilteknu eftirliti og heilbrigðisskoðun, sem tekið sé gjald fyrir skv. opinberri gjaldskrá, er ráðherra setji með heimild í dýralæknalögum.

Aflað hafi verið gagna til að meta tekjutjón Guðbjargar Önnu vegna mismunar á árlegum tekjum, sem hún hefði sannanlega átt kost á í Mýrasýsluumdæmi, umfram það, sem hún geti vonast eftir í því umdæmi, er hún sé skipuð til að gegna. Miðað sé við upplýsingar um fjölda búa og búfænaðar á hvorum stað og reiknað eftir gjaldskrá og upplýsingum frá kjaramálanefnd Dýralæknafélags Íslands, mismunur (sic) teknanna á ársgrundvelli, að því er varði eftirlit með mjólkurframleiðslu, skv. 9. gr. laga nr. 77/1981, og garnaveikibólusetningar (sic) sem skylt sé að framkvæma og héraðsdýralækni beri að hafa eftirlit með. Til einföldunar sé miðað við tölur frá búnaðarfélagnum vegna ársins 1996. Tekjutapið sé reiknað þannig:

Fjósaskoðun, eftirlit með mjólkurframleiðslu

(mismunur á bústofni og fjölda búa í umdæmunum tveimur 1996 er 654 kýr og 24 bú):

Útkall og tímagjald á ferðalögum skv. V. kafla gjaldskrár:

1.405,60 kr. × 24 bú 33.734 kr.

Eftirlitsgjald skv. VI. kafla gjaldskrár, 1. tl. a: 67,93 kr. × 654

kýr 44.426 kr.

Samtals eftirlit með mjólkurframleiðslu 78.160 kr.

Garnaveikibólusetning

(mismunur á ásettum lömbum og fjölda búa í umd. tveimur er 1789 lömb og 61 bú):

Tímagjald á ferðalögum skv. V. kafla gjaldskrár:

1.405,60 kr. $\times$ 61 bú 85.742 kr.

Aðgerðargjald skv. II. kafla gjaldskrár, liður D 1:

u. þ. b. 30 lömb á hverju býli: 90 kr. $\times$ 30 kr. = 2.700 kr. $\times$ 61 bú 164.700 kr.

Samtals garnaveikibólusetning 250.442 kr.

Þá hafi verið aflað upplýsinga um tekjur fyrirverandi héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi af eftirliti og heilbrigðisskoðun í sláturhúsi skv. 8. gr. laga nr. 77/1981 vegna ársins 1993, sem greitt sé fyrir annars vegar skv. IV. kafla gjaldskrár fyrir dýralækna, að því er kjötskoðunina varði, og hins vegar skv. VI. kafla, 2. tl., varðandi eftirlit með hreinlæti. Árlegt tekjutap vegna þessa sé þannig reiknað:

Tekjur árið 1993 976.791 kr. að viðbættri gjaldskrárhækkun 6,5% á kjötskoðun (496.309 kr. $\times$ 6,5% = 528.569 kr.) og 11,5% hækkun á eftirliti/tímakaupi skv. kjarasamn. (480.482 kr. $\times$ 11,5% = 535.737 kr.) 1.064.306 kr.

Samtals nemi því árlegt tekjutap 1.392.908 kr. miðað við núgildandi verðlag og gjaldskrá fyrir dýralækna.

Sannanlegt heildarfjártljón Guðbjargar Önnu af eftirliti og heilbrigðisskoðun nemi því 8.357.448 kr. í sex ár, sem svari til bótakröfu hennar samkvæmt þessum lið.

Miskabætur.

Í 22. gr. jafnréttislaga segi, að dæma megi hlutaðeigandi til að greiða þeim, er misgjört sé við, auk bóta fyrir fjártljón féggjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum. Í 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 segi, að sá, sem ábyrgð beri á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, skuli greiða þeim miskabætur, sem misgjört sé við. Guðbjörg Anna hafi menntað sig til tiltekinna starfa í langskólanámi og hafi verið starfandi sem héraðsdýralæknir um árabil. Henni hafi verið fullkunnugt um ákvæði laga nr. 54/1989 um hæfnisnefnd eins og öðrum dýralæknum og þær viðmiðunarreglur, er ráðherra hafði sett á grundvelli þeirra. Hún hafi því mátt treysta því, að handhafar framkvæmdarvaldsins myndu fara eftir þeim við stjórnsýsluákvæðanir, fyrst þessar reglur hafi verið lögfestar. Hún hafi einnig mátt gera ráð fyrir því, að hún fengi réttláta meðferð, þegar að því kæmi að ráða hæfasta umsækjanda í starf, en þyrfti ekki að sæta ómálefnalegum geðþóttaákvörðunum. Ráðherra hafi sniðgengið hana

sem hæfasta umsækjandann að mati óvilhallrar nefndar sérfræðinga, en skipað þess í stað annan í stöðuna, sem ekki hafi verið metinn jafnhæfur af sömu sérfræðinganefnd. Með þessu hafi ráðherra brotið á henni rétt og misboðið henni sem sérfræðingi og embættismanni og vegið að starfsheiðri hennar. Með þessari niðurlægingu á persónu hennar hafi henni verið valdið óþægindum og hneisu, sem bæta beri. Þá hafi ákvörðun ráðherra haft áhrif á búsetu Guðbjargar Önnu og einnig veruleg áhrif á stöðu hennar til að afla sér sjálfstæðra atvinnutekna með þjónustu við bændur og feli þannig í sér röskun á stöðu og högum. Því sé sett fram krafa um miskabætur, að fjárhæð 2.000.000 kr.

Stefnandi reisir málshöfðun sína á 21. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. og 20. gr. sömu laga, en vísar jafnframt til 2. tl. 6. gr. og 8. gr. jafnréttislaga, til stjórnarskrárákvæða um jafnrétti kynjanna, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 33/1944 með síðari breytingum, til þjóðréttarskuldbindinga Íslands skv. EES-samningum á sviði jafnréttis karla og kvenna, til 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og til lögmatís- og forsendureglu stjórnarsýsluréttar, til dýralæknalaga nr. 77/1981 með síðari breytingum og til starfsreglna hæfnisnefndar um stöður héraðsdýralækna, settra af ráðherra 28. júlí 1989.

Til stuðnings skaðabótakröfu vísar stefnandi á 22. gr. laga nr. 28/1991, en einnig til almennra reglna skaðabótaréttar og til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Vaxtakröfu sína styður stefnandi með vísan til 7. gr., 15., sbr. 10. gr., og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, en vísar til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni til 130. gr., sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Kröfu sína um virðisaukaskatt á tildæmdan málskostnað styður stefnandi lögum nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi bendir á, að önnur atriði kunni að skipta verulegu máli við mat á hæfni umsækjenda en mat hæfnisnefndar á hæfni þeirra.

Dýralæknafélag Íslands hafi lengi lagt á það áherslu, að þeir, sem hafi lengstan starfsaldur að baki sem héraðsdýralæknar, svo og þeir, sem gegnt hafi störfum í afskekktum héruðum, skuli ganga fyrir við veitingu stöðu héraðsdýralækna. Starfsreglur hæfnisnefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1981 um dýralækna taki mið af þessu markmiði félagsins, og því gefi ýmsir aðrir þættir en hæfni umsækjenda punkta, sbr. athugasemdir, er fylgt hafi þeirri lagagrein. Þar sé m. a. miðað við starfsreynslu, störf í afskekktum héruðum, framhaldsmenntun/endurmenntun, ábyrgð í starfi, félagsstörf og störf almenns eðlis. Hæfnin ein ráði þannig ekki niðurröðun umsækjenda. Upp gefnir punktar eftir mati nefndarinnar á þessum þáttum feli því ekki í

sér, að hæfasti umsækjandinn fái að jafnaði mestan punktafjölda, heldur sé einungis um að ræða tillögu matsnefndar um röð umsækjenda, studda starfsreglum hennar. Samkvæmt 5. gr. laga um dýralækna sé niðurröðun matsnefndar ekki bindandi, og sé bæði matið og niðurröðunin endanlega í höndum veitingarvaldshafa. Samkvæmt niðurstöðu hæfnisnefndar hafi Einar Otta Guðmundssyni og Guðbjörgu Önnu Þorvarðardóttur verið raðað í 1. – 2. sæti, Gísli Halldórssyni í 3. sæti, en Gunnari Gauta Gunnarssyni í 4. sæti. Einar Otti hafi dregið umsókn sína til baka.

Stefndi mótmælir því, að veiting stöðunnar til Gunnars Gauta Gunnarssonar hafi falið í sér brot á jafnréttislögum nr. 28/1991. Staðan hafi fyrst verið veitt Rúnari Gíslasyni, frá 1. janúar 1994. Sú skipun hafi verið í trássi við vilja heimamanna, en undirskriftalistar hafi borist ráðuneytinu fyrst í október og nóvember 1993. Með undirskriftum sínum fóru heimamenn fram á við landbúnaðarráðherra, að Gunnar Gauti Gunnarsson, sem þá hafði starfað í tíu ár í umdæminu og í samstarfi við héraðsdýralækna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, yrði skipaður í starf héraðsdýralækni Mýrasýslu. Rúnar Gíslason hafi beðist lausnar 30. desember 1993, áður en hann hóf störf, þar sem hann taldi, að ekki væri friður um skipan sína hjá heimamönnum í Mýrasýslu.

Guðbjörg Anna hafi útskrifast sem dýralæknir árið 1981, en Gunnar Gauti og Gísli á árinu 1982. Bæði Gísli og Guðbjörg hafi starfað um árabil sem héraðsdýralæknar, hún m. a. um sex ára skeið í Strandasýslu, og fengið fyrir það fleiri punkta samkvæmt starfsreglum nefndarinnar vegna ábyrgðar, en auk þess hafi Guðbjörg Anna fengið viðbótarpunkta m. a. vegna starfa sinna í Strandasýslu. Þá hafi hún lokið mastersgráðu í geislunarfræðum dýralækninga í ágúst 1993 og fengið punkta fyrir það. Gunnar Gauti Gunnarsson hafi frá 1985–1993 kennt svína- og alifuglasjúkdóma við Bændaskólann á Hvanneyri og gefið út fjögur rit tengd kennslunni. Árið 1983 hafi hann gert samstarfssamning við héraðsdýralækna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og frá þeim tíma verið aðstoðarmaður þeirra, en ekki unnið sjálfstætt sem starfandi dýralæknir. Hafi hann gengið inn í öll þau störf, sem héraðsdýralæknir framkvæmi sem dýralæknir. Því hafi hann bæði haft reynslu og þekkingu á þessu sviði ekki síður en starfandi héraðsdýralæknar og auk þess verið nákunnugur aðstæðum í umdæminu og notið sérstaks trausts bænda þar umfram aðra umsækjendur.

Við ráðstöfun stöðunnar í kjölfar lausnarbeiðni Rúnars Gíslasonar hafi ráðherra staðið frammi fyrir tveimur kostum, annars vegar að skipa aftur í stöðuna án þess að taka tillit til vilja heimamanna og halda þannig þeim möguleika opnum, að hinn næsti, sem skipaður yrði, þyrfti að starfa við að-

stæður, sem Rúnar Gíslason taldi sig ófæran um, hins vegar að fara að eindregnum óskum heimamanna, en undirskriftalistar hafi haldið áfram að berast ráðuneytinu eftir áramót 1993/1994. Í óskum þeirra hafi ekki falist krafa um að fá karlmann í stöðu héraðsdýralæknis, heldur hafi þær beinst að tilteknum einstaklingi, þ. e. Gunnari Gauta Gunnarssyni, sem starfað hafði um árabil í umdæminu og notið þar trausts og vinsælda. Ráðuneytið hafi því talið eðlilegt og löglegt, að litið yrði til vilja heimamanna við mat á hæfni umsækjenda og þeirra vinsælda og trausts, er umsækjendur nutu þar. Þær starfsaðferðir við mat á hæfni umsækjenda um starf héraðsdýralækna hafi ekki verið nýjar af nálinni, sbr. t. d. umsögn yfirdýralæknis um umsækjendur um starf héraðsdýralæknis í Hreppaumdæmi árið 1986, og hlutlausar gagnvart kynferði.

Guðbjörg Anna hafði þegar skipun sem héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi vestra á þeim tíma, er hún sótti um embætti á sama sviði í Mýrasýslu. Skipun hennar í embætti þar hefði því ekki getað fjölgað konum í starfsstétt héraðsdýralækna og því ekki verið fallin til þess að ná fram því markmiði jafnréttislaga. Því verði ekki séð, að jafnréttislög hafi getað skyldað ráðherra til að skipa hana í starf héraðsdýralæknis við þessar aðstæður. Ráðherra hafi metið það svo, að Gunnar Gauti Gunnarsson væri hæfastur til að gegna starfa héraðsdýralæknis í Mýrasýslu, enda notið í því efni reynslu sinnar á svæðinu og vinsælda sinna þar á sama hátt og Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir í Hreppaumdæmi, hafi gert á sínum tíma, er hún fékk veitingu fyrir því umdæmi árið 1986, en henni hafði samkvæmt röðun stöðuveitingarnefndar Dýralæknafélags Íslands verið skipað í 6. – 7. sæti við röðun umsækjenda um þá stöðu.

Samkvæmt framangreindu megi því vera ljóst, að kynferðisástæður hafi ekki ráðið ákvörðun ráðherra um veitingu stöðu héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi. Því sé ekki til að dreifa broti á 2. tl. 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gagnvart Guðbjörgu Önnu Þorvarðardóttur, sem hljóti að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi bendir á annmarka í kröfugerð stefnanda. Þar sé ekki vísað til laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem krafan um viðurkenningu á ólögmati stöðuveitingarinnar hvíli á.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að fjárkröfur stefnanda f. h. Guðbjargar Önnu séu ósannaðar með öllu og mótmælt af þeim sökum. Miðað sé við áætlaðar tekjur fram í tímann án alls rökstuðnings. Skaðabótakröfu sé og mótmælt til vara sem allt of hárrí, enda sé þar gert ráð fyrir skaðabótum sex ár fram í tímann. Fyrir liggir, að fyrrverandi dýralæknir í Mýrasýslu hafi gert samstarfssamning við Gunnar Gauta Gunnarsson, sem

náði m. a. til aðstoðar vegna sláturhússtarfa. Reikningsgerð Sverris Markússonar, fyrrv. héraðsdýralæknis, á hendur Kaupfélagi Borgfirðinga, sem stefnandi reisi bótakröfu sína á f. h. Guðbjargar Önnu, veiti enga sönnun um, að allar þær tekjur hafi runnið til héraðsdýralæknis. Guðbjörg Anna hafi verið settur héraðsdýralæknir í Hvolsumdæmi frá 1. maí 1996. Í stefnukröfum sé hins vegar algerlega miðað um samanburð við Þingeyjarumdæmi vestra, sem fái ekki staðist. Þá sé sérstaklega mótmælt liðnum garnaveikibólusetning, enda sé þar ekki um að ræða verk, sem héraðsdýralæknum sé einum ætlað. Þær forsendur, að Guðbjörg Anna hafi mátt búast við þeim tekjum, fái því engan veginn staðist. Í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu hafi verið og séu starfandi allmargir dýralæknar.

Þá fái sú aðferð ekki heldur staðist að miða útreikning stefnufjárhæðar við verðlag langt fram í tímann, eins og stefnandi geri. Enn fremur vekur stefndi athygli á því, að héraðsdýralæknisstöðunni í Mýrasýslu fylgir ekki embættisbústaður eins og héraðsdýralæknisembætti Þingeyjarumdæmis vestra.

Stefndi mótmælir því eindregið, að ráðstöfun stöðunnar hafi falið í sér ólögmdæta meingerð gagnvart Guðbjörgu Önnu eða valdið henni miska, hneisu, óþægindum eða röskun á stöðu og högum fremur en öðrum umsækjendum. Samkvæmt því sé miskabótakröfu sérstaklega mótmælt. Auk þess sé henni mótmælt sem allt of hárrí.

Loks sé mótmælt kröfum stefnanda um vexti og dráttarvexti á verðbættar fjárhæðir svo og upphafstíma dráttarvaxta.

Forsendur og niðurstaða.

Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins.

Stefnandi styður kröfur sínar á hendur stefnda við það, að veiting Gunnars Gauta í stöðu héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi hafi farið í bága við 2. tl. 1. mgr. 6. gr. jafnréttislaga nr. 28/1991, þar sem Guðbjörg Anna hafi verið hæfari til að gegna starfanum í öllu tilliti. Stöðuveitingin hafi því falið í sér skaðabótaskylda meingerð gagnvart Guðbjörgu Önnu.

Í tilvitnaðri lagagrein segir, að atvinnurekendur sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildi það m. a. um „ráðningu, setningu eða skipun í starf“, en þannig hljóðar 2. tl. greinarinnar. Þá vísar stefnandi til þess, að skipun ráðherra hafi verið andstæð því meginmarkmiði jafnréttislaga, sem skilgreint sé í 1. gr. þeirra, að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum og þá sérstaklega að bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

Við úrlausn þess réttarágreinings, sem hér er til umfjöllunar, verður fyrst

að taka afstöðu til þess, hvort jafnréttislög hafi verið brotin gagnvart Guðbjörgu Önnu Þorvarðardóttur, svo sem stefnandi heldur fram.

Með 2. mgr. 5. gr. dýralæknalaga nr. 77/1981, sbr. lög nr. 54/1989, er lögfest sú skipan, að ráðherra skipi þrjá dýralækna í nefnd, er meti hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis og geri tillögu til ráðherra um röð umsækjenda, þegar fleiri en einn sækir. Áður hafði starfað svonefnd stöðuveitingarnefnd innan Dýralæknafélags Íslands, sem raðaði umsækjendum um héraðsdýralæknastöður með svipuðum hætti og nú er gert og lagði fyrir hlutaðeigandi ráðherra tillögur sínar. Þessi tilhögun hafði ekki lagastöð.

Mat hæfnisnefndar er stutt ýmsum þáttum, eins og áður er lýst, sem ekki tengjast beint hæfni umsækjanda til að sinna starfi héraðsdýralæknis, en veita stig eða punkta. Í starfsreglum nefndarinnar veiga þeir þættir þungt, sem lúta að starfsaldri héraðsdýralækna og starfi dýralækna í afskekktum byggðarlögum. Virðist reglunum vera ætlað að stuðla annars vegar að því, að dýralæknar sitji ekki fastir til langframa í afskekktum byggðarlögum við faglega einangrun, en hins vegar að auka möguleika þeirra, sem lengstan starfsaldur hafa, á tilflutningi í betra umdæmi. Þannig eru veittir 5 punktar á ári í 5 ár fyrir að gegna starfi í 5 tilgreindum umdæmum, og er Strandaumdæmi eitt þeirra. Næstu 5 ár veita 3 punkta á ári og síðan 2 punkta næstu 20 ár.

Sé litið til þeirra tveggja umsækjenda um stöðu héraðsdýralæknisembættis Mýrasýsluumdæmis, sem hér koma við sögu, er ljóst, að Guðbjörg Anna hefur hlotið fjölmarga punkta umfram keppinaut sinn fyrir að gegna héraðsdýralæknisstöðu í Strandasýslu, en þar starfaði hún á árabílinu frá 1983 til 1989 að viðbættum tveimur mánuðum árið 1991. Auk þess hefur hún fengið viðbótarpunkta umfram Gunnar Gauta fyrir að gegna þessari stöðu á þeirri forsendu, að héraðsdýralæknir fær samkvæmt starfsreglunum 3 punkta á ári á móti 1,5 punktum á ári, sem aðrir dýralæknar fá. Einnig eykur það punktafjölda Guðbjargar Önnu að þessu leyti að hafa gegnt héraðslæknisembætti Þingeyjarumdæmis vestra. Guðbjörg Anna átti sæti í stjórn Dýralæknafélags Íslands um nokkurra ára skeið og sat enn fremur í kjaranefnd félagsins um eins árs skeið. Í umsókn Gunnars Gauta Gunnarssonar kemur ekki fram, að hann hafi gegnt trúnaðarstörfum fyrir Dýralæknafélag Íslands né verið virkur í félagsmálastarfi. Hámarkspunktafjöldi fyrir félagsstörf eru 5 punktar.

Munur á Guðbjörgu Önnu og Gunnari Gauta í mati hæfnisnefndar frá 24. febrúar 1994 voru 20,4 punktar Guðbjörgu Önnu í vil.

Ekki liggur fyrir, hvernig niðurstaða hæfnisnefndar var fengin, þ. e. vægi þeirra atriða, sem koma til álita við ákvörðun punktafjölda umsækjenda.

Þó má ráða í það, að Guðbjörg Anna hefur samkvæmt framansögðu fengið a. m. k. 25 punkta fyrir að sinna Strandaumdæmi og nokkra punkta til viðbótar fyrir að gegna héraðslæknisembætti um langt skeið bæði í Strandaumdæmi og Þingeyjarumdæmi vestra. Er því ljóst, að mat hæfnisnefndar fer ekki einungis eftir hæfni umsækjenda sem dýralækna, heldur eðli starfsins, starfstíma og starfsábyrgð.

Stefnandi heldur því fram, að ráðherra hafi borið að fara að tillögu hæfnisnefndar um röðun umsækjenda, a. m. k. hljóti hann að verða að færa fyrir því sterk rök, fari hann ekki að áliti nefndarinnar, með sérstöku tilliti til þess, að það hafi hann ávallt gert frá setningu laga nr. 54/1989 allt þar til við umrædda stöðuveitingu. Því hafi Guðbjörg Anna mátt treysta því, að svo yrði áfram.

Landbúnaðarráðherra er falið að lögum að ákveða í umboði forseta Íslands, hver skuli skipaður í stöðu héraðsdýralæknis. Hæfnisnefnd er honum til ráðuneytis við þá ákvörðun, enda skortir ráðherra faglega þekkingu til að meta almennt hæfni umsækjenda til þessa starfs.

Ljóst er þó, að ákvörðunarvald ráðherra í þessu tilliti væri nafnið eitt, ætti niðurröðun hæfnisnefndar ávallt að ráða vali umsækjanda í lausa stöðu héraðsdýralæknis. Ráðherra þarf í vali sínu að líta til fleiri atriða en þeirra, sem eru á starfssviði hæfnisnefndar, enda þótt starfsreglur nefndarinnar hafi verið settar með stjórnskipulegum hætti að tilhlutan ráðherra.

Eitt þeirra atriða, sem ráðherra þarf að hafa til hliðsjónar ákvörðun sinni um á val umsækjanda, er það, hvort og hvernig starfskraftar væntanlegs starfsmanns muni nýtast. Í máli því, sem hér er til meðferðar, lá það ljóst fyrir, að verulegar líkur voru á því, að skipun Guðbjargar Önnu eða annars dýralæknis en Gunnars Gauta í umrædda stöðu myndi hafa kallað á hörð viðbrögð heimamanna, og jafnframt líklegt, að starfskraftar annarra en Gunnars Gauta myndu ekki nýtast sem skyldi. Reynslan af skipun Rúnars Gíslasonar var ljóst dæmi um þetta. Hann sagði starfi sínu lausu, eins og áður er komið fram, þar sem bændur voru honum andsnúnir og hann taldi sig ekki fá frið til að starfa þar með eðlilegum hætti.

Að mati dómsins fór skipun Gunnars Gauta Gunnarssonar í starf héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi ekki í bága við ákvæði jafnréttislaga, eins og hér stóð á. Kynferði hans var ekki aflvaki þess, að honum var veitt staðan. Bændur og búendur í Mýrasýsluumdæmi óskuðu eftir því, að Gunnar Gauti fengi starfið, ekki vegna kynferðis hans, heldur vegna góðra kynna af honum sem sjálfstætt starfandi dýralæknis og setts héraðsdýralæknis í umdæminu um margra ára skeið. Kynferði réð því ekki skipun ráðherra í umrætt starf. Skipunin var því ekki geðþóttaákvörðun, eins og haldið er

fram af hálfu stefnanda, heldur var hún grundvölluð á fyrirbyggjandi aðstæðum og málefnalegum rökum.

Þá þykir skipunin ekki hafa farið á sveig við þau markmið, sem að var stefnt með setningu jafnréttis laga og ráða má af niðurlagsákvæði 1. gr. og 5. gr. þeirra, eins og stefnandi heldur fram. Sú málsástæða stefnanda, að fremur hafi átt að ráða Guðbjörgu Önnu í embættið en Gunnar Gauta til að auka fjölda kvenna í stéttinni, fær ekki staðist, eins og stefndi bendir á. Guðbjörg Anna var og er starfandi héraðsdýralæknir, og því hefði engu breytt í þessu tilliti, þótt henni hefði verið veitt umrætt embætti.

Sú mótbára stefnanda, að staðan, sem Guðbjörg Anna gegnir nú, myndi hafa losnað, hefði henni verið veitt umrætt embætti, og þannig gefist svigrúm til að jafna stöðu kvenna í stétt héraðsdýralækna, virðist næsta haldlítill, enda engin trygging fyrir því, að konu yrði veitt það embætti, með vísan til starfsreglna hæfnisnefndar, sé það virt, að fjölgun kvenna í stétt dýralækna hefur að mestu orðið á síðari árum og starfstími þeirra því stuttur samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.

Niðurstaða málsins er því sú, að þeirri kröfu stefnanda er hafnað, að dæmt verði, að skipun Gunnars Gauta Gunnarssonar dýralæknis í stöðu héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi hafi verið ólögmat.

Þessi niðurstaða leiðir til þess, að stefndi er sýknaður af öllum öðrum kröfum stefnanda f. h. Guðbjargar Önnu Þorvarðardóttur.

Rétt þykir, eins og mál þetta er vaxið, að hvor málsaðila beri sinn kostnað af því.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, kærunefndar jafnréttismála f. h. Guðbjargar Önnu Þorvarðardóttur.

Málskostnaður fellur niður.